

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 16. ágúst 2021
Tilvísun: 201910005 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Gaddstaða, íbúðarbyggð ÍB29

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 26. júlí 2021, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 16. júní 2021 með uppdrætti í mkv. 1:50.000 dags. 16. júní 2021.

Í breytingartillögunni felst að minnka frístundabyggðina F63 um 47 ha og stækka íbúðarbyggðina ÍB16 sem um því nemur. Jafnframt er heiti íbúðarbyggðarinnar breytt úr ÍB16 í ÍB29. Heildarstærð ÍB29 er 95 ha.

Með erindinu bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands dags. 11. maí 2021 og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 7. maí 2021 sem gera ekki athugasemd við skipulagbreytinguna.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar sett hafa verið skýr skipulagsákvæði í greinargerð aðalskipulagsins varðandi stefnu um umfang og yfirbragð íbúðarbyggðarinnar ÍB29 auk heildarfjölda íbúðarhúsa.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir

